



Fjölbrautaskóli Suðurlands

LEIR1SX02

Námsáætlun – vorönn 2023

Kennarar áfangans:

Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV), annakristin81@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum hljóta nemendur þjálfun í hvers kona leirmótun. Lögð er áhersla á að nemendur virki hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu. Sagt verður frá fjölbreyttum aðferðum til leirmótunar. Áætlunin er einstaklingsmiðuð, oft unnin í samráði við nemandann og fer eftir áhugasviði hans og getu. Efnistösk geta verið af ýmsum toga og nemendur hvattir til þess að þróa sín vinnubrögð sem og kynnast nýrri nálgun og efnistöskum.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- því hversu þrívíð mótun getur verið gefandi.
- hversu mikið hægt er að nota hana til að tjá sig.
- hversu mikilvægt er að eiga gott hugmyndaflug.
- hversu mikilvægt er að geta tjáð sig um vinnuna sína.
- breytilegum aðferðum við mótun.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fullvinna verk út frá eigin hugmyndum.
- taka leiðsögn til framfara og þróunar.
- þora að takast á við nýjar áskoranir.
- að nota hugmyndaflug sitt, virða það og viðurkenna.
- tjá sig með leirmótun.
- nota mismunandi aðferðir til þess.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- njóta sín í listsköpun við hæfi.
- gera sér grein fyrir mikilvægi vinnuframlags.
- meta eigin verk og vinnu að verðleikum.
- beita ólíkum áhöldum við sína sköpun.
- tjá hugmyndir sínar í verki.

- tjá hugmyndir sínar með orðum.
- taka við leiðsögn til enn frekari þroska í faginu.

Kennslugögn og námsmat

- Sýnikennsla og verkleg kennsla, umræður, Internetið, en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Áfanginn er próflaus, sí matsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Tölvur og símar

- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.